

Kynning og leiðbeiningar

Með MACS flokkunarkerfinu er lagt mat á hvernig börn með CP nota hendurnar við að handleika hluti í daglegum athöfnum. Í MACS er fimm flokkum lýst. MACS er byggt á hæfni til að nota hendurnar að eigin frumkvæði og þörf fyrir aðstoð eða aðlögun við að handleika hluti í daglegu lífi. Ennfremur er lýst mismun á milli samliggjandi flokka til að auðvelda ákvörðun um hvaða flokkur samsvarar best hæfni barnsins til að handleika hluti.

Hlutir sem um ræðir eru þeir sem raunhæft er að barnið geti notað miðað við aldur t.d. við að borða, klæða sig, leika, teikna eða skrifa. Um er að ræða hluti sem eru innan seilingar í umhverfi barnsins. Hins vegar ekki hlutir sem eru notaðir í sérhæfðum flóknum verkefnum eins og að leika á hljóðfæri.

Með MACS er lögð áhersla á að finna út hvaða flokkur lýsir best færni barnsins öllu jafna á heimili, í skóla og í frístundum. Áhugi barnsins og vitræn geta hefur áhrif á hæfni til að handleika hluti og hefur þar með áhrif á hvernig færni þess flokkast samkvæmt MACS. Flokkunin verður að byggja á upplýsingum einhvers sem þekkir barnið vel. Með MACS á að flokka hvað barnið gerir öllu jafna en ekki besta mögulega árangur í tilteknum prófaðstæðum.

MACS er færnilýsing sem hægt er að nota sem viðbót við sjúkdómsgreininguna CP og undirflokkana þess. MACS metur færni barnsins til að handleika hluti í daglegu lífi en ekki færni hvorrar handar fyrir sig. MACS tekur ekki tillit til ólíkrar færni handa, heldur hvernig barnið handleikur aldursssvarandi hluti. MACS er ekki ætlað að útskýra undirliggjandi ástæður fyrir skertri handbeitingu.

Hægt er að nota MACS fyrir börn á aldrinum 4 – 18 ára en viss verkefni verða að vera í samræmi við aldur barnsins. Það er að sjálfsgöðu munur á hvað 4 ára barn á að geta gert samanborið við unglíng. Sama á við um sjálfstæði - ungt barn þarf meiri aðstoð og eftirlit en eldra barn.

MACS spannar allt litróf hreyfihamlana sem þekkjast hjá börnum með CP þar með talið þær sjúkdómsgreiningar sem falla þar undir. Ákveðnar undirgreiningar innan CP geta fallið undir alla MACS flokkana til dæmis tvenndarlömun meðan aðrar falla undir færri flokka svo sem helftarlömun. Í flokki I er barn með væga skerðingu á meðan barn með mikla færniskerðingu flokkast oftast í IV eða V. Ef barn með eðlilegan þroska væri flokkað eftir MACS flokkunarkerfinu þá væri þörf á flokki 0.

Ennfremur geta börn með tiltölulega breytilega færni fallið undir alla flokka. Það er ekki líklegt að MACS sé næmt fyrir breytingum eftir ihlutun, líkur eru á að MACS flokkunin sé stöðug yfir tíma.

Flokkarnir fimm í MACS mynda raðvarða sem þýðir að bilið á milli flokkana er ekki endilega jafnt og að börn með CP dreifast ekki jafnt á milli flokka.



Manual Ability Classification System

Flokkun á fínhyrfærni barna með heilalömun (CP) 4 – 18 ára

Macs er kerfi notað til að flokka hvernig börn með CP handleika hluti við daglega iðju.

- Með **MACS** er áhersla lögð á að finna út hvaða færnisflokkur samsvarar best venjubundinni frammistöðu (ekki bestu getu) barnsins heima, í skóla og í frítíma.
- **MACS** flokkunin ákvarðast af þekkingu á hver raunveruleg færni barnsins er. Þetta er gert með því að spyrja þá sem þekkja færni barnsins best en ekki með sérstöku mati.
- Til að ákveða færnisflokk samkvæmt **MACS**, þarf að meta hvernig barnið handleikur hluti miðað við jafnaldrá.
- Með **MACS** er virkni beggja handa við daglegar athafnir metin, ekki hvorrar handar fyrir sig.



Til að nota MACS þarftu að vita:

Hvernig barnið handleikur hluti við mikilvægar athafnir daglegrar iðju í leik, tómstundum, við borðhald og klæðnað.

Í hvaða aðstæðum barnið er sjálfbjarga og að hvaða marki það þarf aðstoð og/eða aðlögun.

I. Handleikur hluti auðveldlega með góðum árangri.

Takmarkanir eru litlar sem engar og hafa í mesta lagi áhrif á framkvæmd verka sem krefjast hraða og nákvæmni. Þær draga ekki úr sjálfstæði barnsins við daglega iðju.

II. Handleikur flesta hluti en með takmörkuðum gæðum og/eða hraða. Barnið forðast hugsanlega ákveðnar athafnir eða getur aðeins framkvæmt þær með erfiðismunum. Það getur notað mismunandi aðferðir en hæfni til að nota hendurnar takmarkar venjulega ekki sjálfstæði barnsins við daglega iðju.

III. Handleikur hluti með erfiðismunum og þarf hjálp við undirbúning eða aðlögun verks.

Framkvæmd verksins gengur hægt hjá barninu og með takmörkuðum árangri þegar horft er til gæða og afkasta. Verk sem hafa verið undirbúin og aðlöguð eru framkvæmd án aðstoðar.

IV. Handleikur fáa og auðvelða hluti í aðlöguðum aðstæðum.

Barnið framkvæmir hluta af verkum en með erfiðismunum og takmörkuðum árangri. Barnið þarf stöðuga aðstoð og /eða hjálpartæki til að framkvæma jafnvel hluta af verki.

V. Handleikur ekki hluti og hefur verulega skerta getu til að framkvæma jafnvel einföldustu verkþætti.

Barnið er algjörlega háð aðstoð.

Munur á flokki I og II

Barn í flokki I hefur hugsanlega takmarkaða getu til að handleika mjög litla, þunga eða brothætta hluti sem krefjast góðrar fínhreyfistjórnunar og samhæfingar handa. Takmarkanir geta líka komið fram við nýjar óþekktar aðstæður. Barn í flokki II framkvæmir í flestum tilfellum sömu verk og barn í flokki I, en gæði framkvæmdar er slakari eða verkið tekur lengri tíma. Mismunandi færni handa getur takmarkað árangur. Barn í flokki II reynir oft að einfalda sér hlutina með því til dæmis að nota borð eða bringu til stuðnings í stað þess að nota báðar hendur.

Munur á flokki II og III

Barn í flokki II handleikur flesta hluti þó að framkvæmdin gangi hægt og gæðum sé ábótavant. Barn í flokki III þarf aðstoð við að undirbúa verk og/eða aðlaga umhverfið þar sem færni til að ná í og handleika hluti er takmörkuð. Það getur ekki framkvæmt ákveðin verk og sjálfstæði þess er háð því hversu mikinn stuðning það fær frá umhverfinu.

Munur á flokki III og IV

Barn í flokki III getur framkvæmt sérvalin verk ef aðstæður eru undirbúnar og það fær leiðsögn og nægan tíma. Barn í flokki IV þarf stöðuga aðstoð og getur í besta falli tekið þátt í verki að hluta til.

Munur á flokki IV og V

Barn í flokki IV framkvæmir hluta verks en þarf stöðuga aðstoð. Barn í flokki V tekur í besta falli þátt með einföldum hreyfingum við sérstakar aðstæður til dæmis að ýta á einfaldan rofa.